



Varðandi: Akranes - skiptimiðar úr ferju í strætó

Málsnúmer: 1707026

Dagsetning: 12. júlí 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita aukafjárveitingu kr. 250.000 svo tilraun um samstarf við Strætó geti orðið að veruleika.

Fjármunum verður ráðstafað af liðnum 20830-5946.

GREINARGERÐ: Í skoðun er að bæta enn frekar þjónustu við þá sem nýta Akranesferjuna að gestir ferjunnar geti notað aðgangsmiða um borð í ferjunni sem skiptimiða í strætó í Reykjavík. Í því felst að gestir Akranesferjunnar geti fengið skiptimiða sem nýtast áfram til ferðalaga með Strætó í Reykjavík. Stjórn Strætó hefur fjallað um málið og er tilbúið í tilraunasamstarf og bjóða upp á þetta á hagstæðum kjörum fyrir Akraneskaupstað. Nokkur óvissa er um nýtingu á þessu og því hefur bæjarstjóri og framkvæmdastjóri áætlað kostnað 250.000 kr. við verkefnið. Ætlunin er að setja ákveðnar vörður milli Strætó og Akranes þ.a. reynist notkun mun minni verði einungis greitt í samstarfi við notkun en reynist hún mun meiri mun koma til skoðunar hvort halda eigi samstarfinu áfram og þá fá enn aukna fjárveitingu í tilraunina.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri